

Þriðjudaginn 27. júní 1972.

Nr. 97/1971. **Sigurður M. Helgason, skiptaráðandi í
Reykjavík, f. h. dánarbús M**
(Gunnar A. Pálsson hrl.)
gegn
K og B (Sigurður Helgason hrl.).

Dómenndur:

hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Einar Arnalds
og Magnús P. Torfason, Hákon Guðmundsson yfirborgardóm-
ari og Þór Vilhjálmsson prófessor.

Barnsfaðernismál.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 16. júlí 1971. Krefst hann þess aðallega, að hinn áfrýjaði úrskurður og hinn áfrýjaði dómur verði úr gildi felldir og málinu vísað frá héraðsdómi. Til vara krefst hann sýknu af öllum kröfum stefndu. Í báðum tilvikum krefst áfrýjandi málskostnaðar óskipt úr höndum stefndu.

Stefndu krefjast staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Eftir uppsögu héraðsdóms hefur verið aflað ýmissa nýrra gagna og vitni gefið skýrslur fyrir dómi, og verður efni þeirra rakið hér.

L, bróðir M heitins, hefur borið fyrir dómi, að á árinu 1933 hafi hann um nokkurt skeið dvalið á heimili þeirra hjóna H og S, systur hans. Hann hafi þá heyrt um það rätt, að vinnustúlka hjá þeim hjónum hefði alið barn, sem hún hefði kennt M heitnum. Hann hafi hins vegar aldrei rätt þetta mál við M.

A, systir M heitins, hefur skýrt svo frá, að hún hafi átt heima hjá foreldrum sínum að ... í Reykjavík veturinn, sem stefndi K var í vist hjá þeim H og S. Hún kveðst hafa heyrt rätt um barn K og að K hefði lýst M heitinn föður að því. K hafi komið austan af fjörðum til Reykjavíkur með

barnið, er það var um ársgamalt, til að leita því lækninga. Hafi þá móðir hennar og M heitins skýrt frá því, að M hefði viðurkennt barnið fyrir henni og sagt, að M hefði greitt sjúkrakostnað fyrir það. Þá hafi móðir hennar sýnt sér mynd af barninu og skýrt frá því, að hún vissi eigi betur en M greiddi meðlag með því. Enn hefur A borið, að hún hafi orðið þess vör, að náin kynni voru milli M og K. M hafi verið í fæði hjá foreldrum þeirra og hafi K oft komið á heimili þeirra, þegar hún vissi, að hann var þar staddur, og „verið þar daglegur heimagangur“. Hún hafi aldrei heyrt K „orðaða við aðra karlmenn á þessum tíma, enda hafi hún ekki séð sólina fyrir M“.

T, einkasonur M heitins og eiginkonu hans, hefur borið, að hann hafi ekki heimsótt þau stefndu, B og G, eiginmann hennar, fyrr en eftir lát föður hans. Hann hafi ekki heimsótt þau á árinu 1968 vegna þess, að hann hafi haft það á tilfinningunni, að faðir hans væri frekar á móti því. Hann hafi ekki rætt við föður sinn um faðerni B, er þeir ræddu um heimboð G, enda trúað því, sem faðir hans hafði áður sagt, en þá hafi hann neitað að vera faðir B.

Kannaðar hafa verið pósthækur á Djúpavogi um peningabréf frá Reykjavík til Ingimundar Steingrímssonar, hreppstjóra á Djúpavogi, á árunum 1934 til 1939. Í bókum þessum eru greind númer bréfanna, en ekki getið sendanda. Nokkur bréf hafa verið tekin á skrá, sem könnuð hafa verið af starfsmönnum pósthússins í Reykjavík. Árni Þór Jónsson, yfirdeildarstjóri bréfaþóststofunnar í Reykjavík, hefur skýrt svo frá, að innfærslubók póststofunnar í Reykjavík um peningabréf nr. 242, dags. 31. maí 1938, og nr. 160, dags. 7. desember 1938, telji sendanda þeirra bréfa M X, en þessi bréf eru meðal þeirra bréfa, sem getið er um á skránni frá Djúpavogi. Starfsmenn póststofunnar færi nafn sendanda í innfærslubókina og sé því ekki unnt að sjá þar, hver M X sé. Ekki hafi tekizt að finna önnur bréf, sem greind eru á skránni frá Djúpavogi, enda slíkt mjög erfitt, þar sem bókum þessum sé ekki raðað í tímaröð.

Dr. Lúðvík Ingvarsson, fyrrum sýslumaður í Suður-Múla-

sýslu, kveðst ekki minnast þess að hafa haft afskipti af meðlagsgreiðslum til stefnda K, sem hann þekki, né hafa fengið í hendur yfirlýsingu frá M, þar sem hann viðurkenni að vera faðir að barni K. Lúðvík skýrði einnig svo frá, að hann hefði fengið mann, er verið hefði sýsluskrifari við sýslumannsembættið í Suður-Múlasýslu frá því á árinu 1942, til að kanna skjalasafn embættisins og leita að skjali þessu, en sú leit hafi engan árangur borið.

Engin skjöl hafa fundizt um mál þetta hjá embætti hreppstjórans á Djúpavogi.

María Bergmann hefur samkvæmt dómkvaðningu héraðsdómara borið saman rithönd á nafninu M X, sem ritað er undir tryggingarbréf til Landspítalans, og rithönd M heitins, er hann ritaði sem vottur í þingbækur ... embættisins á árunum 1944 til 1947. Segir svo í álitsgerð hennar 18. maí 1972:

- „1. Þungi skriftarinnar er hinn sami á öllum sýnish.
2. Halli skriftarinnar ber vott um rithönd sömu persónu.
3. Stafirnir ... í nafninu „M“ sýna nær undantekningarlaust sömu pennadrættina. S-ið sem upphafsstafur í nafninu „M“ á umræddu tryggingarbréfi sýnir að visu talsvert frávik frá upphafs-essi nafnsins „M“ í þingbókinni. Bæði bera þau samt vott um sömu stafagerð.
4. Staðsetning og gerð komunnar yfir stafnum á í nafninu „M“ sýnir mjög ákveðið einstaklingseinkenni rithandarinnar á öllum sýnish.
5. Sá vani ritarans að lyfta pennanum frá blaðinu eftir ritun stafsins f, án þess að tengja hann við eftirkomandi stafi í nafninu „M“, er áberandi á sýnishornunum.
6. s-in í nafninu „X“ og s-ið í nafninu „M“ eru einnig dæmi um sömu rithöndina. ...

Niðurstöður þær, sem hér fara að ofan, eru fengnar samkvæmt kerfi því í rithandarfræði, sem kennt er og notað af International Graphoanalysis Society Inc., í Chicago, U. S. A., og félagsmenn þess hafa einkarétt á“.

Í tryggingarbréfi því til Landspítalans, sem um getur í málinu, segir svo m. a.:

„Hver borgar dvalarkostnaðinn? M X, ... stíg 30. ...

Við undirritaðir skuldbindum okkur (Ég undirritaður skuldbind mig) hér með til að greiða Landspítalanum, hvenær sem krafizt verður, dvalarkostnað sjúklingsins, barn K, ungubarn Norðfirði, á meðan hann dvelur á Landspítalanum. . . . Til staðfestingar undirskrift okkar (mín). Rvk hinn 7/6 1932. M X“.

Ekki hefur reynzt unnt að upplýsa um blóðflokk M heitins.

M er talinn fæddur 17. júní 1902. Hann kvæntist 10. desember 1932, en eiginkona hans andaðist 28. maí 1956. M andaðist 6. ágúst 1969.

Telja verður, að óskilgetið barn geti sjálft átt sóknaraðild barnsfaðernismáls, þótt þessa sé ekki getið sérstaklega í 1. mgr. 211. gr. laga nr. 85/1936, enda getur barn haft mikla og augljósa hagsmuni af ákvörðun faðernis. Þá skýtur nefnt lagaákvæði ekki heldur loku fyrir það, að óskilgetið barn sé sóknaraðili í barnsfaðernismáli ásamt móður, svo sem er í máli þessu.

Dómsmálaráðherra er í 6. mgr. 211. gr. laga nr. 85/1936 veitt heimild til að lengja málshöfðunarfresti í barnsfaðernismálum, ef sérstaklega stendur á. Áfrýjandi hefur eigi fært að því haldbær rök, að leyfi dómsmálaráðherra til höfðunar máls þessa sé haldið neinum þeim ágöllum, er valda eigi frá-vísun þess frá héraðsdómi. Samkvæmt þessu og þar sem önnur rök leiða eigi til þess, að vísa beri máli þessu frá dómi, ber að staðfesta hinn áfrýjaða úrskurð.

Pegar litið er til gagna þeirra, sem í héraðsdómi eru rakin, svo og þeirra gagna, sem getið er hér að framan, þykja framkomnar þær líkur til styrktar framburði stefnda K, að rétt sé að veita henni fyllingareið, sbr. 213. gr. laga nr. 85/1936. Ber því að staðfesta ákvæði hins áfrýjaða dóms um eiðvinningu stefnda K, að öðru leyti en því, að eiðsfrestur ákveðst tveir mánuðir frá birtingu dóms þessa.

Ef stefndi K vinnur eiðinn, skal áfrýjandi greiða stefndu málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti samtals kr. 45.000.00, þar af renni kr. 17.585.00 í ríkissjóð, en kr. 27.415.00 til stefndu.

Ef stefnda K verður eiðfall, skulu stefndu óskipt greiða

áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem ákveðst samtals kr. 55.000.00.

Þóknun skipaðs talsmanns stefndu í héraði ákveðst kr. 15.000.00 og greiðist úr ríkissjóði.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður.

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður um eiðvinningu stefnda K, þó svo, að frestur til eiðvinningar er tveir mánuðir frá birtingu dóms þessa.

Ef stefndi K vinnur eiðinn, skal áfrýjandi, Sigurður M. Helgason skiptaráðandi í Reykjavík f. h. dánarbús M, greiða samtals kr. 45.000.00 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti. Þar af renni kr. 17.585.00 í ríkissjóð, en kr. 27.415.00 til stefndu, K og B.

Verði stefnda K eiðfall, skulu stefndu greiða áfrýjanda óskipt kr. 55.000.00 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Þóknun skipaðs talsmanns stefndu í héraði, Sigurðar Helgasonar hæstaréttarlögmans, ákveðast kr. 15.000.00, og greiðist hún úr ríkissjóði.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður bæjarþings Reykjavíkur 30. apríl 1971.

Ár 1971, föstudaginn 30. apríl, var á bæjarþingi Reykjavíkur, sem haldið var í Borgartúni 7 af Gunnlaugi Briem sakadómara ásamt meðdómendunum Andrési Ásmundssyni lækni og Gauki Jörundssyni prófessor, kveðinn upp úrskurður í barnsfaðernismálinu K og B gegn skiptaráðandanum í Reykjavík f. h. dánarbús M.

Sóknaraðiljar í máli þessu eru K, fædd 2. ágúst 1913, til heimilis á . . . , og dóttir hennar, B, fædd 12. október 1931, til heimilis að . . . , Kópavogi. Varnaraðili í málinu er skiptaráðandinn í Reykjavík f. h. dánarbús M, en M lézt hinn 6. ágúst 1969.

Sóknaraðili K hefur krafizt þess, að því verði slegið föstu með dómi, að M heitinn sé faðir B, en til vara krefst hún fyllingar- eiðs. Sóknaraðili B hefur krafizt þess, að því verði slegið föstu með dómi, að M heitinn sé faðir hennar. Þá krefjast báðir sókn- araðiljar málskostnaðar úr hendi varnaraðilja.

Varnaraðili hefur gert þá aðalkröfu, að máli þessu verði vísað frá dómi, en til vara sýknu af öllum kröfum sóknaraðilja. Þá krefst varnaraðili þess, að sóknaraðiljar verði in solidum dæmdir til að greiða honum málskostnað.

Dómsmálaráðuneytið hefur með bréfum, dags. 27. janúar og 9. júní 1970, heimilað sóknaraðiljum málshöfðun þessa með skír- skotun til 6. mgr. 211. gr. laga nr. 85/1936.

Málavextir eru þeir, að á árunum 1930—1931 var sóknaraðili K starfsstúlka hjá hjónunum H og S á heimili þeirra að Lokastíg 13 í Reykjavík, en M var til húsa hjá þeim á þessu árabili. Kveður sóknaraðili nán kynni hafa tekizt með sér og M, sem staðið hafi í um eins árs skeið. Hafi þau haft samfarir í nokkur skipti og hafi sóknaraðili B verið getin við samfarir þessar. Sókn- araðili K fór brott frá Reykjavík til heimkynna sinna á Austur- landi, áður en hún ól barn sitt, sem fætt er á Neskaupstað. Við skírn barnsins, hinn 26. desember 1931, tilgreindi hún M heitinn sem föður að því. Samkvæmt framburði S, systur M heitins, var í fjölskyldu þeirra litið á sóknaraðilja B sem dóttur M, eins og einnig greinir í framburði sóknaraðilja sjálfra. Enn fremur er komið fram, að sonur M, T, tilkynnti B um lát M, og sá hún um útförina ásamt T. Er upplýst, að í því sambandi var litið á B sem dóttur M.

Sóknaraðili K skýrir svo frá, að hún hafi ekki verið með öðrum karlmönnum en M heitnum, á meðan kynni þeirra stóðu á ár- unum 1930—1931, og sé eigi öðrum til að dreifa um faðernið en honum. Hún hafi farið á brott úr borginni, áður en hún ól barn sitt, en hún hafi átt bréfaskeipti við M út af barninu, áður en það fæddist. Hafi M viðurkennt í bréfum að vera faðir að barninu og aldrei nefnt þar annan til. M hafi sent henni peninga í pósti, greiðslur fyrir fæðingarhjálp og meðlag með barninu.

Enn fremur skýrir K frá því, að M hafi greitt fyrir aðgerð á barni þeirra á Landspítalanum, er það var 8 mánaða. Um þær mundir hafi hún verið hér í borginni og þá fengið P, þá til heimilis að Hallveigarstíg 2, til að fá skriflega faðernisviður- kenningu hjá M. Hafi P útvegað viðurkenninguna og fengið henni hana. Hafi viðurkenningin verið dagsett einhvern tíma í júlí árið 1932, að því er hana bezt minni. Hafi nafnritun M

verið á viðurkenningunni, en engir vottar. Hafi hún haft viðurkenningu þessa heim með sér og varðveitt hana hjá sér næstu ár á eftir.

Þá segir K, að meðlagsgreiðslur hafi hætt að koma frá M heitnum, eftir að hún giftist E hinn 28. júlí 1934. Hafi hún þá snúið sér til Ingimundar Steingrímssonar, hreppstjóra á Djúpa-vogi, og beðið hann að innheimta meðlögin fyrir sig. Hafi hann gert það í nokkur ár. Hún hafi fengið Ingimundi framangreinda yfirlýsingu í hendur á árunum 1939—1941 og hafi Ingimundur sagt henni, að hann hefði sent yfirlýsinguna til sýslumannsins á Eskifirði. Yfirlýsing þessi hefur hins vegar ekki fundizt hjá sýslumannsembættinu þrátt fyrir ítarlega leit, og man þáverandi sýslumaður ekki eftir að hafa fengið hana í hendur.

K kveður M heitinn hafa greitt meðlag með B, en slitrótt og aldrei að fullu. Hafi samband hennar og M slitnað með öllu. Aldrei hafi hann sent barninu gjafir né heldur kort. Hún hafi brennt þeim bréfum, sem M skrifaði henni. Hafi þau haft einkamál að geyma, sem hún taldi ekki ástæðu til að varðveita.

Sóknaraðili B skýrir svo frá, að hún hafi í eitt skipti, eftir að hún flutti til Reykjavíkur árið 1949, hringt til M heitins og kynnt sig fyrir honum. Hafi hún þá farið fram á að fá að hitta hann til að kynnst honum. Hafi M þá svarað því til, að hann gæti ekki orðið við þeirri beiðni hennar, og lægju til þess ýmsar ástæður, en hins vegar gæti hann lánað henni peninga, ef hana vanhagaði um þá. B kveðst á hinn bóginn oft hafa heimsótt D, móður M. Hafi hún alltaf tekið sér sem sonardóttur sinni. Einnig hafi hún í nokkur skipti heimsótt S, systur M, og einnig átt við hana viðtöl í síma. Hafi hún alltaf tekið sér sem frænku sinni.

Að D látinni fékk sóknaraðili B nokkrar bækur úr eigu D heitinnar. Þá segir B, að T hafi skýrt sér og manni sínum svo frá, þegar T kom til hennar og tilkynnti henni lát M, að hann hefði einhvern tíma á þeim árum, er hann var við verkfræðinám erlendis, spurt föður sinn að því, hvort hann væri faðir B. Hefði M heitinn svarað því játandi og væri hann í mörg ár búinn að langa til að hitta hana, en aldrei komið sér til þess. Þessa frásögn B hefur eiginmaður hennar, G, staðfest, en á hinn bóginn hefur T þvertekið fyrir að hafa viðhaft ummæli í þessa átt.

Vitnið S, systir M heitins, skýrir svo frá, að sóknaraðili K hafi verið í vist hjá sér og manni sínum á árunum 1930—1931. Hafi bróðir sinn, M heitinn, haft hjá þeim herbergi á þessum tíma og hafi tekizt náinn kunningsskapur með K og honum.

Það hafi valdið henni áhyggjum og hún því rætt málið við þau K og M bæði. Hafi hún talið hættu á, að K gæti orðið þunguð, en litlar líkur á, að til hjónabands gæti komið milli þeirra, bæði vegna aldursmunar og þess, að henni var tjáð, að M væri laus í rásinni og skvetti í sig. S hefur fyrir dómi tilfært eitt atvik skýrslu sinni til sönnunar. Hafi það verið nótt eina veturinn 1930—1931, að hringt var af . . . heim til hennar og spurt um M heitinn og hafi eiginmaður hennar, H, farið til herbergis M til að kalla á hann í símann. Hafi hann skýrt henni svo frá, þegar hann kom aftur, að K hefði verið í herbergi M og þau legið þar saman í einni sæng. Þennan vetur hafi móðursystir eiginmanns hennar verið með K í herbergi í nokkrar vikur og hafi hún haft áhyggjur vegna næturferða K til M, þar sem afleiðingar þeirra gætu ekki orðið nema á einn veg.

Einnig skýrir S svo frá, að K hafi hætt í vistinni í apríl eða maí 1931 og þá farið austur á firði. Eigi muni hún til þess, að K nefndi þá, að hún væri ófrísk, en nokkru síðar hafi hún frétt um barn K.

Þá skýrir vitnið S svo frá, að sóknaraðilinn K hafi komið til Reykjavíkur, er barn K var á fyrsta ári, í því skyni að leita barninu lækninga. Kveður S K þá hafa heimsótt móður sína (S), sem hafi minnst á þetta við sig og talað um barnið sem sonardóttur sína. Hafi hún haft orð á því, að það sverði sig mjög í ætt þeirra. Hafi móðir sín sagt sér, að M hefði greitt dvalarkostnað barnsins á Landspítalanum og að allt væri komið á hreint með meðlagsgreiðslu af hálfu M. Hafi móðir sín lýst yfir ánægju sinni yfir því.

Enn fremur skýrir S svo frá, að hún hafi rætt þessi mál við M heitinn, sem aldrei hafi andmælt því, að hann væri faðir barnsins, og í orðaskiptum hafi aldrei annað komið fram. Að D látinni kveðst S hafa látið barabörn hennar, þar á meðal B, hafa bækur þær, sem hún átti. Af því tilefni hafi B farið að ræða það við sig, að hana langaði til að kynnst M, sem þá var orðinn ekkjumaður. Kvaðst S hafa boðizt til að færa þetta í tal við M. Hafi hún rætt það mál við hann, en hann lýst því yfir, að hann kærdi sig ekki um að kynnst B. Eigi hafi hann haft orð á því, af hvaða orsökum það væri.

Loks skýrir S svo frá, að móðir sín hafi sagt, að B hefði heimsoðt sig í nokkur skipti. Segir S, að aldrei hafi verið rætt öðru vísi innan fjölskyldunnar um B en sem dóttur M heitins.

Hjónin P og R, til heimilis að . . . , hafa í yfirlýsingu, sem þau

hafa staðfest fyrir dómi, gefið upplýsingar um útvegum þeirra á fyrrnefndri yfirlýsingu M heitins um viðurkenningu á því að vera faðir B. Segir þar, að sóknaraðili K hafi komið til þeirra hjóna ásamt dóttur sinni í maí 1932, en þá þurfti að gera aðgerð á höfði barnsins, sem framkvæmd var á Landspítalanum. Hafi þær mæðgur búið hjá þeim endurgjaldslaust, en systir R hafi beðið þau hjón um aðstoð fyrir þær mæðgur. Hafi þeim verið tjáð, að M mundi greiða allan kostnað við sjúkravist barnsins. Áður en K fór austur á land aftur með dóttur sína, hafi hún beðið þau hjón að aðstoða sig við að fá skýlausa yfirlýsingu M um viðurkenningu á faðerni barnsins. Hafi P farið af því tilefni á vinnustað M, ... í Reykjavík. Hafi M í fyrstu haft á orði, að skrifleg yfirlýsing væri óþörf, en svo gengið frá skriflegri yfirlýsingu. Síðan hafi M ekið P heim til sín og sótt peninga, sem voru ætlaðir K, og síðan ekið P heim til hans. Hafi P síðan afhent K bæði yfirlýsinguna og peningana. Eftir þetta hafi M komið um nokkurt skeið með meðlagspeninga til þeirra hjóna, sem R hafi sent austur til K, en M hafi neitað að taka við kvittun.

Vitnið P hefur enn fremur skýrt svo frá hér fyrir dómi, að það hafi verið einhvern tíma um sumarið 1932, sennilega í maí—júní, að hann hafi að beiðni K farið niður á ... vegna barns K. Hafi hann átt að fá faðernisviðurkenningu skriflega frá M og greiðslu upp í meðlag. Hafi hann beðið fyrir utan ... eftir því, að M kæmi út. Hafi M síðan komið út nokkru síðar, og hann farið með M inn á Hafi hann þar borið upp erindi sitt við M um, að M undirritaði viðurkenningu um að vera faðir B. Hafi M í fyrstu haft á móti því og kveðið það vera vantraust á sér. Hafi hann þá skýrt M frá því, að K vildi hafa slíka yfirlýsingu meðferðis, er hún kæmi heim til fólks síns fyrir austan. Hafi M þá strax látið tilleiðast og undirritað yfirlýsingu, þar sem hann viðurkenndi að vera faðir barns K. Eigi muni hann orðalag viðurkenningarinnar, en hún hafi verið rituð af fúsum og frjálsum vilja og án nokkurra andmæla af hálfu M, nema síður væri. Engir vottar hafi verið viðstaddir undirritun yfirlýsingar M, enda hafi verið um viðkvæmt einkamál að ræða. Hafi M sjálfur samið yfirlýsinguna. Jafnframt hafi M fengið honum kr. 300—350, sem M bað hann að afhenda K. P kveður konu sína hafa séð yfirlýsingu M heitins og jafnvel fleiri. Hafi M komið heim til hans eftir þetta og afhent konu sinni meðlagsgreiðslur til K.

Þá hefur vitnið R komið fyrir dóm, og skýrir hún meðal annars

svo frá, að hún hafi séð yfirlýsingu undirritaða af M heitnum, er eiginmaður hennar hafi aflað í maí eða júní 1932, þar sem M viðurkenndi að vera faðir að barni K, B. Hafi K fengið yfirlýsinguna í hendur ásamt meðlagsgreiðslu frá M, en eigi muni hún, um hve háa fjárhæð var að ræða. Eftir þetta hafi M komið að minnsta kosti tvisvar sinnum heim til hennar og afhent henni meðlagsgreiðslur til K. Hafi M verið fámáll og hún eigi rætt þetta mál við hann.

Vitnið T, sonur M heitins, hefur komið fyrir dóm, og skýrir hann meðal annars svo frá, að hann hafi verið um tvítugt, eða jafnvel 22 ára, er kona sín hafi skýrt honum frá því, að föður hans hafi verið kennd dóttir. Hafi hann þá aldrei heyrt áður á þetta minnzt, en eigi rætt þetta mál þá strax við föður sinn. Hafi það ekki verið fyrr en um áramótin 1963—1964, að hann minntist á þetta við hann. Hafi faðir hans þá svarað því til, að hann ætti eigi stúlku þessa, þ. e. B, og hlyti þar að vera um einhvern annan að ræða.

Vitnið F, eiginkona T, skýrir meðal annars svo frá, að hún hafi komið heim til M heitins, er hún og T opinberuðu trúlofun sína á gamlárskvöld árið 1956. Hafi M þá sagt, að hann hefði aldrei átt annað barn en T og að hann vonaðist til, að þau mundu eiga mörg börn. Þegar hún eignaðist fyrsta barn sitt, 22. apríl 1958, hafi M og haft á orði, að þetta væri sitt fyrsta barnabarn. Hafi M endurtekið þetta við hana síðar.

Lagt hefur verið fram ljósrit af tryggingarbréfi úr skjalasafni Landspítalans, sem er undirritað hinn 7. júní 1932 af M X og felur í sér skuldbindingu til greiðslu dvalarkostnaðar barns sóknar-aðilja K, á meðan það dveljist á Landspítalanum. Af hálfu varnar-aðilja hefur því verið mótmælt, að bréfið sé undirritað af M heitnum.

Eigi liggja fyrir nein skrifleg gögn um þroska og stærð B við fæðingu hennar. Hins vegar hefur komið fyrir dóm Eiríkur Björnsson, sem var læknir á Neskaupstað árið 1931. Skýrir hann svo frá, að hann hafi verið kvaddur til K, er hún ól stúlkubarn hinn 12. október 1931. Hafi Snjólaug Hjálmarsdóttir ljósmóðir, er nú sé látin, tekið á móti barninu. Eigi hafi hann spurt K um faðerni barnsins og hafi aldrei verið neitt á það minnzt. Hafi barn K verið fullburða að því er virtist, en um athugun á lengd og þyngd hafi ljósmóðirin átt að sjá. Sjálf skýrir K svo frá, að hún viti ekki annað en barnið hafi verið fullburða, er það fæddist.

Í málinu hefur verið aflað álitsgerðar borgarlæknis á hugsanlegum getnaðartíma barns þess, sem mál þetta fjallar um. Þar segir meðal annars svo:

„Hafi barnið verið fullburða, þegar það fæddist, ættu mestar líkur að vera til, að það sé getið á tímabilinu 3. til 25. janúar 1931, en meðal meðgöngutími fullburða barna er talinn 271 dagur með 11 daga misvísun til eða frá. Með sömu forsendu er þó hugsanlegt, að barnið geti hafa verið komið undir einhvern tíma á tímabilinu 27. nóvember 1930 til 1. apríl 1931. Er þá höfð hliðsjón af dreifingartöflum F. J. Linder's, Málmey, og miðað við, að barnið hafi verið innan markanna 2501 til 4600 g. að þyngd og 47.1 til 57 cm að lengd.

Hafi barnið hins vegar ekki verið fullburða við fæðingu, verður að ætla, að það hafi þá verið 2000—2500 g. og verið 44—47 cm langt. Sé miðað við fyrirburðarfæðingu barns á þessu þroskastigi og höfð hliðsjón af umræddum dreifingartöflum Linder's, gæti margrætt barn verið komið undir á tímabilinu 1. til 22. apríl 1931. Lægri þroskamörk en hér voru greind eru svo sjaldgæf um börn, sem komast á legg, að þau eru algjör undantekning, enda ávallt höfð í munnmælum og koma, að því er séð verður, ekki hér til greina“.

Athugun framtala M heitins fyrir árin 1930—1939 leiðir í ljós, að þar er þess eigi getið, að hann hafi haft fyrir barninu B að sjá.

Eins og áður er fram komið, hefur varnaraðili krafizt þess aðallega, að málinu verði vísað frá dómi. Er óhjákvæmilegt að taka þessa kröfu varnaraðilja til sjálfstæðrar úrlausnar.

Af hálfu varnaraðilja er frávísunarkrafan studd þeim rökum í fyrsta lagi, að málið sé gamalt og öll sönnunargögn svo ófullkomin, að ekki verði við unað. Ekki sé vitað, hvort M og K hafi verið hér bæði á getnaðartímanum og getnaðartíminn með öllu óvís. Ekki sé vitað, hvort M hafi verið fær til getnaðar á þessum tíma. Skýrslu vanti um lengd og þyngd barnsins. Sóknaraðili K geri ekki nándar nærri nægilega ljósa grein fyrir samförum þeim, er hún telji sig hafa átt við M, og að sjálfsögðu eigi unnt að afla umsagnar hans um það. Læknisálit um getnaðartíma sé algerlega ófullnægjandi, enda ekki nema við ágizkanir að styðjast. K hafi ekki gert grein fyrir því, hvenær hún hafði síðast tíðir fyrir barnsburð, né heldur, hvenær þær samfarir áttu að eiga sér stað, sem barnið var getið við, jafnvel ekki nokkurn veginn. K hafi komið í veg fyrir blóðrannsókn með drætti á málinu, en á slíkri rannsókn eigi ætlaður barnsfaðir skýlausa

kröfu að viðlagðri frávísun máls. Sóknaraðili hafi ýmist týnt eða vísvitandi eyðilagt þau skjöl, sem hún telji sig hafa haft með höndum og verið hefðu mikil upplýsingagögn í málinu, ef til hefðu verið. Þá trökstyður varnaraðili frávísunarkröfu sína í öðru lagi með því, að dómsmálaráðherra hafi með öllu verið óheimilt að veita leyfi til málssóknar þessarar.

Af hálfu sóknaraðilja er frávísunarkröfu varnaraðilja mótmælt sem örökstuddri og of seint fram kominni. Gögn málsins réttlæti fyllilega málssókn og kröfugerð sóknaraðilja. Einnig er því eindregið haldið fram af hálfu sóknaraðilja, að í máli þessu standi þannig á, að heimilt hafi verið samkvæmt 211. gr. laga nr. 85/1936 að veita leyfi til málshöfðunar.

Veigamiklar vísbendingar hafa komið fram um það, að M heitinn hafi viðurkennt að vera faðir sóknaraðilja B, og meira að segja undirritað skriflega yfirlýsingu um það, þótt eigi hafi hún fullnægt ákvæðum 4. gr. laga nr. 46/1921, sbr. síðar 3. og 18. gr. laga nr. 87/1947. Einnig er leitt í ljós, að tiltekin skyldmenni M heitins hafi jafnan litið á sóknaraðilja B sem dóttur hans. Af þessum sökum höfðu sóknaraðiljar ástæðu til að ætla, að eigi yrði vefengt, að M væri faðir B. Þykir þannig hafa komið fram skýring og nokkur réttlætning á því, að sóknaraðiljar héldu svo lengi að sér höndum um höfðun barnsfaðernismáls sem raun ber vitni um. Verður með hliðsjón af því, sem nú hefur verið rakið, eigi fallizt á, að dómsmálaráðherra hafi farið út fyrir þau takmörk, sem setja verður mati hans á því, hvenær veita beri leyfi til höfðunar barnsfaðernismáls samkvæmt 6. mgr. 211. gr. laga nr. 85/1936.

Af hálfu varnaraðilja hefur verið bent á, að sönnunargögn í máli þessu séu að ýmsu leyti ófullkomin. Má að vísu fallast á, að sönnunargögn séu ekki eins fullkomin og æskilegt er. Eins og málinu er háttað, verður á hinn bóginn ekki úr því bætt, eftir því sem bezt verður séð. Verður það því ekki talið eiga að varða frávísun málsins, þótt sönnunargögnum sé áfátt. Ekki hafa heldur komið fram viðhlítandi rök fyrir því, að sóknaraðili K hafi gerzt sek um vítavert atferli varðandi meðferð á sönnunargögnum og málshöfðun þessa á annan hátt.

Samkvæmt því, sem að framan greinir, ber að hrinda kröfu varnaraðilja um frávísun þessa máls. Þegar málskostnaður verður ákveðinn við væntanlegan efnisdóm í málinu, verður tekið tillit til þessa þáttar málsins.

Úrskurðarorð:

Framkominni frávísunarkröfu varnaraðilja í máli þessu, skiptaráðandans í Reykjavík f. h. dánarbús M, er hrundið.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 13. maí 1971.

Ár 1971, fimmtudaginn 13. maí, var á bæjarþingi Reykjavíkur, sem háð var í Borgartúni 7 af Gunnlaugi Briem sakadómara ásamt meðdómendunum Andrési Ásmundssyni lækni og Gauki Jörundssyn prófessor, kveðinn upp dómur í barnsfaðernismálinu nr. 8/1971: K og B gegn skiptaráðandanum í Reykjavík f. h. dánarbús M.

Sóknaraðiljar í máli þessu eru K, fædd 2. ágúst 1913, til heimilis á . . . , og dóttir hennar, B, fædd 12. október 1931, til heimilis að . . . , Kópavogi. Varnaraðili í málinu er skiptaráðandinn í Reykjavík f. h. dánarbús M, en M lézt hinn 6. ágúst 1969.

Sóknaraðili K hefur krafizt þess, að því verði slegið föstu með dómi, að M heitinn sé faðir B, en til vara krefst hún fyllingareiðs. Sóknaraðili B hefur krafizt þess, að því verði slegið föstu með dómi, að M heitinn sé faðir hennar. Þá krefjast báðir sóknaraðiljar málskostnaðar úr hendi varnaraðilja.

Varnaraðili hefur gert þá aðalkröfu, að máli þessu verði vísað frá dómi, en til vara sýknu af öllum kröfum sóknaraðilja. Þá krefst varnaraðili þess, að sóknaraðiljar verði in solidum dæmdir til að greiða honum málskostnað.

Dómsmálaráðuneytið hefur með bréfum, dags. 27. janúar og 9. júní 1970, heimilað sóknaraðiljum málshöfðun þessa með skírskotun til 6. mgr. 211. gr. laga nr. 85/1936.

Frávísunarkröfu varnaraðilja var hrundið með sérstökum úrskurði dómsins, sem var kveðinn upp hinn 30. apríl s.l.

Málavextir eru þeir, að á árunum 1930—1931 var sóknaraðili K starfsstúlka hjá hjónunum H og S á heimili þeirra að Lokastíg 13 í Reykjavík, en M var til húsa hjá þeim á þessu árabili. Kveður sóknaraðili náin kynni hafa tekizt með sér og M, sem hafi varað í um eins árs skeið. Hafi þau haft samfarir í nokkur skipti og hafi sóknaraðili B verið getin við samfarir þessar. Sóknaraðili K fór brott frá Reykjavík til heimkynna sinna á Austurlandi, áður en hún ól barn sitt, sem er fætt á Neskaupstað. Við skírn barnsins hinn 26. desember 1931 tilgreindi hún M heitinn sem föður að því. Samkvæmt framburði S, systur M heitins, var í fjölskyldu þeirra litið á sóknaraðilja B sem dóttur M, eins og

einnig greinir í framburði sóknaraðilja sjálfra. Enn fremur er komið fram, að sonur M, T, tilkynnt B um lát M, og sá hún um útförina ásamt T. Er upplýst, að í því sambandi var litið á B sem dóttur M.

Sóknaraðili K skýrir svo frá, að hún hafi ekki verið með öðrum karlmönnum en M heitnum, á meðan kynni þeirra stóðu á árunum 1930—1931, og sé eigi öðrum til að dreifa um faðernið en honum. Hún hafi farið á brott úr borginni, áður en hún ól barn sitt, en hún hafi átt bréfaskipti við M út af barninu, áður en það fæddist. Hafi M viðurkennt í bréfum að vera faðir að barninu og aldrei nefnt þar annan til. M hafi sent henni peninga í pósti, greiðslu fyrir fæðingarhjálp og meðlag með barninu.

Enn fremur skýrir K frá því, að M hafi greitt fyrir aðgerð á barni þeirra á Landspítalanum, er það var 8 mánaða. Um þær mundir hafi hún verið hér í borginni og þá fengið P, þá til heimilis að Hallveigarstíg 2, til að fá skriflega faðernisviðurkenningu hjá M. Hafi P útvegað viðurkenninguna og fengið henni hana. Var viðurkenningin dagsett einhvern tíma í júlí árið 1932 að því er hana bezt minnir. Nafnritun M hafi verið á viðurkenningunni, en engir vottar. Hafi hún haft viðurkenningu þessa heim með sér og varðveitt hana hjá sér næstu ár á eftir.

Þá segir K, að meðlagsgreiðslur hafi hætt að koma frá M heitnum, eftir að hún giftist E hinn 28. júlí 1934. Hafi hún þá snúið sér til Ingimundar Steingrímssonar, hreppstjóra á Djúpavogi, og beðið hann að innheimta meðlögin fyrir sig. Hafi hann gert það í nokkur ár. Hún hafi fengið Ingimundi framangreinda yfirlýsingu í hendur á árunum 1939—1941 og hafi Ingimundur sagt henni, að hann hefði sent yfirlýsinguna til sýslumannsins á Eskifirði. Yfirlýsing þessi hefur hins vegar ekki fundizt hjá sýslumannsembættinu þrátt fyrir ítarlega leit, og man þáverandi sýslumaður ekki eftir að hafa fengið hana í hendur.

K kveður M heitinn hafa greitt meðlag með B, en slitrótt og aldrei að fullu. Hafi samband hennar og M slitnað með öllu. Aldrei hafi hann sent barninu gjafir né heldur kort. Hún hafi brennt þeim bréfum, sem M skrifaði henni. Hafi þau haft einkamál að geyma, sem hún taldi ekki ástæðu til að varðveita.

Sóknaraðili B skýrir svo frá, að hún hafi í eitt skipti, eftir að hún fluttist til Reykjavíkur, árið 1949, hringt til M heitins og kynnt sig fyrir honum. Hafi hún þá farið fram á að fá að hitta hann til að kynnast honum. Hafi M þá svarað því til, að hann

gæti ekki orðið við þeirri beiðni hennar og lægju til þess ýmsar ástæður, en hins vegar gæti hann lánað henni peninga, ef hana vanhagaði um þá. B kveðst á hinn bóginn oft hafa heimsótt D, móður M. Hafi hún alltaf tekið sér sem sonardóttur sinni. Einnig hafi hún í nokkur skipti heimsótt S, systur M, og einnig átt við hana viðtöl í síma. Hafi hún alltaf tekið sér sem frænku sinni.

Að D látinni fékk sóknaraðili B nokkrar bækur úr eigu D heitinnar. Þá segir B, að T hafi skýrt sér og manni sínum svo frá, þegar T kom til hennar og tilkynnti henni lát M, að hann hefði einhvern tíma á þeim árum, er hann var við verkfræðinám erlendis, spurt föður sinn að því, hvort hann væri faðir B. Hefði M heitinn svarað því játandi og væri hann í mörg ár búinn að langa til að hitta hana, en aldrei komið sér til þess. Þessa frásögn B hefur eiginmaður hennar, G, staðfest, en á hinn bóginn hefur T þvertekið fyrir að hafa viðhaft ummæli í þessa átt.

Vitnið S, systir M heitins, skýrir svo frá, að sóknaraðili K hafi verið í vist hjá sér og manni sínum á árunum 1930—1931. Hafi bróðir sinn, M heitinn, haft hjá þeim herbergi á þessum tíma og hafi tekizt náinn kunningsskapur með K og honum. Það hafi valdið henni áhyggjum og hún því rætt málið við þau K og M bæði. Hafi hún talið hættu á, að K gæti orðið þunguð, en litlar líkur á, að til hjónabands gæti komið milli þeirra, bæði vegna aldursmunar og þess, að henni var tjáð, að M væri laus í rásinni og skvetti í sig. S hefur fyrir dómi tilfært eitt atvik skýrslu sinni til sönnunar. Hafi það verið nótt eina veturinn 1930—1931, að hringt var af ... heim til hennar og spurt um M heitinn og hafi eiginmaður hennar, H, farið til herbergis M til að kalla á hann í símann. Hafi hann skýrt henni svo frá, þegar hann kom aftur, að K hefði verið í herbergi M og þau legið þar saman í einni sæng. Þennan vetur hafi móðursystir eiginmanns hennar verið með K í herbergi nokkrar vikur og hafi hún haft áhyggjur vegna næturferða K til M, þar sem afleiðingar þeirra gætu ekki orðið nema á einn veg.

Einnig skýrir S svo frá, að K hafi hætt í vistinni í apríl eða maí 1931 og þá farið austur á firði. Eigi muni hún til þess, að K nefndi þá, að hún væri ófrísk, en nokkru síðar hafi hún frétt um barn K.

Þá skýrir vitnið S svo frá, að sóknaraðili K hafi komið til Reykjavíkur, er barn K var á fyrsta ári, í því skyni að leita barninu lækninga. Kveður S K þá hafa heimsótt móður sína (S),

sem hafi minnzt á þetta við sig og talað um barnið sem sonar-dóttur sína. Hafi hún haft orð á því, að það sverði sig mjög í ætt þeirra. Hafi móðir sín sagt sér, að M hefði greitt dvalarkostnað barnsins á Landspítalanum og að allt væri komið á hreint með meðlagsgreiðslu af hálfu M. Hafi móðir sín lýst yfir ánægju sinni yfir því.

Enn fremur skýrir S svo frá, að hún hafi rætt þessi mál við M heitinn, sem aldrei hafi andmælt því, að hann væri faðir barnsins, og í orðaskiptum hafi aldrei annað komið fram. Að D látinni kveðst S hafa látið barnabörn hennar, þar á meðal B, hafa bækur þær, sem hún átti. Af því tilefni hafi B farið að ræða það við sig, að hana langaði til að kynnast M, sem þá var orðinn ekkjumaður. Kveðst S hafa boðizt til að færa þetta í tal við M. Hafi hún rætt það mál við hann, en hann lýst því yfir, að hann kærði sig ekki um að kynnast B. Eigi hafi hann haft orð á því, af hvaða orsökum það væri.

Loks skýrir S svo frá, að móðir sín hafi sagt, að B hefði heim-sótt sig í nokkur skipti. Segir S, að aldrei hafi verið rætt öðru vísi innan fjölskyldunnar um B en sem dóttur M heitins.

Hjónin P og R, til heimilis að . . . , hafa í yfirlýsingu, sem þau hafa staðfest hér fyrir dómi, gefið upplýsingar um útvegum þeirra á fyrrnefndri viðurkenningu M heitins á því að vera faðir B. Segir þar, að sóknaraðili K hafi komið til þeirra hjóna ásamt dóttur sinni í maí 1932, en þá þurfti að gera aðgerð á höfði barnsins, sem framkvæmd var á Landspítalanum. Hafi þær mæðgur búið hjá þeim endurgjaldslaust, en systir R hafi beðið þau hjón um aðstoð fyrir þær mæðgur. Hafi þeim verið tjáð, að M mundi greiða allan kostnað við sjúkravist barnsins. Áður en K fór austur á land aftur með dóttur sína, hafi hún beðið þau hjón að aðstoða sig við að fá skýlausa yfirlýsingu M um viðurkenningu á faðerni barnsins. Hafi P farið af því tilefni á vinnustað M, . . . í Reykjavík. Hafi M í fyrstu haft á orði, að skrifleg yfirlýsing væri óþörf, en svo gengið frá skriflegri yfirlýsingu. Síðan hafi M ekið P heim til sín og sótt peninga, sem voru ætlaðir K, en að því búnu ekið P heim. Hafi P síðan afhent K bæði yfirlýsinguna og peningana. Eftir þetta hafi M komið um nokkurt skeið með meðlagspeninga til þeirra hjóna, sem R hafi sent austur til K, en M hafi neitað að taka við kvittun.

Vitnið P hefur enn fremur skýrt svo frá hér fyrir dómi, að það hafi verið einhvern tíma um sumarið 1932, sennilega í maí—júní, að hann hafi að beiðni K farið niður á . . . vegna barns K.

Hafi hann átt að fá skriflega faðernisviðurkenningu frá M og greiðslu upp í meðlag. Hafi hann beðið fyrir utan . . . eftir því, að M kæmi út. Hafi M síðan komið út nokkru síðar og hann farið með M inn á . . . Hafi hann þar borið upp erindi sitt við M um, að M undirritaði viðurkenningu um að vera faðir B. Hafi M í fyrstu haft á móti því og kveðið það vera vantraust á sér. Hafi hann þá skýrt M frá því, að K vildi hafa slíka yfirlýsingu meðferðis, er hún kæmi aftur heim til fólks síns fyrir austan. Þá hafi M strax látið tilleiðast og undirritað yfirlýsingu, þar sem hann viðurkenndi að vera faðir barns K. Eigi muni hann orðalag yfirlýsingarinnar, en hún hafi verið rituð af fúsum og frjálsum vilja og án nokkurra andmæla af hálfu M, nema síður væri. Hafi M samið yfirlýsinguna sjálfur. Engir vottar hafi verið viðstaddir undirritun yfirlýsingar M, enda hafi verið um viðkvæmt einkamál að ræða. Jafnframt hafi M fengið honum kr. 300—350, sem M bað hann að afhenda K. Þ kveður konu sína hafa séð yfirlýsingu M heitins og jafnvel fleiri. Hafi M komið heim til hans eftir þetta og afhent konu sinni meðlagsgreiðslur til K.

Þá hefur vitnið R komið fyrir dóm, og skýrir hún meðal annars svo frá, að hún hafi séð yfirlýsingu undirritaða af M heitnum, er eiginmaður hennar hafi aflað í maí eða júní 1932, þar sem M viðurkenndi að vera faðir að barni K, B. Hafi K fengið yfirlýsinguna í hendur ásamt meðlagsgreiðslu frá M, en eigi muni hún, um hve háa fjárhæð var að ræða. Eftir þetta hafi M komið að minnsta kosti tvisvar sinnum heim til hennar og afhent henni meðlagsgreiðslur til K. Hafi M verið fámáll og hún eigi rætt þetta mál við hann.

Vitnið T, sonur M heitins, hefur komið fyrir dóm, og skýrir hann meðal annars svo frá, að hann hafi verið um tvítugt, eða jafnvel 22 ára, er kona sín hafi skýrt honum frá því, að föður hans hafi verið kennd dóttir. Hafi hann þá aldrei heyrt áður á þetta minnst, en eigi rætt þetta mál þá strax við föður sinn. Hafi það ekki verið fyrr en um áramótin 1963—1964, að hann minntist á þetta við hann. Hafi faðir hans þá svarað því til, að hann ætti eigi stúlku þessa, þ. e. B, og hlyti þar að vera um einhvern annan að ræða.

Vitnið F, eiginkona T, skýrir meðal annars svo frá, að hún hafi komið heim til M heitins, er hún og T opinberuðu trúlofun sína á gamlárskvöld árið 1956. Hafi M þá sagt, að hann hefði aldrei átt annað barn en T, og að hann vonaðist til, að þau mundu eiga mörg börn. Þegar hún eignaðist fyrsta barn sitt, 22. apríl

1958, hafi M og haft á orði, að þetta væri sitt fyrsta barnabarn. Hafi M endurtekið þetta við hana síðar.

Lagt hefur verið fram ljósrit af tryggingarbréfi úr skjalasafni Landspítalans, sem er undirritað hinn 7. júní 1932 af M X og felur í sér skuldbindingu til greiðslu dvalarkostnaðar barns sóknar-aðilja K, á meðan það dveljist á Landspítalanum. Af hálfu varnar-aðilja hefur því verið mótmælt, að bréfið sé undirritað af M heitnum.

Eigi liggja fyrir nein skrifleg gögn um þroska og stærð B við fæðingu hennar. Hins vegar hefur komið fyrir dóm Eiríkur Björnsson, sem var læknir á Neskaupstað árið 1931. Skýrir hann svo frá, að hann hafi verið kvaddur til K, er hún ól stúlkubarn hinn 12. október 1931. Hafi Snjólaug Hjálmarsdóttir ljósmóðir, er nú sé látin, tekið á móti barninu. Eigi hafi hann spurt K um faðerni barnsins og hafi aldrei verið neitt á það minnzt. Hafi barn K verið fullburða, að því er virtist, en um athugun á lengd og þyngd hafi ljósmóðirin átt að sjá. Sjálf skýrir K svo frá, að hún viti ekki annað en barnið hafi verið fullburða, er það fæddist.

Í málinu hefur verið aflað álitsgerðar borgarlæknis á hugsanlegum getnaðartíma barns þess, sem mál þetta fjallar um. Þar segir meðal annars svo:

„Hafi barnið verið fullburða, þegar það fæddist, ættu mestar líkur að vera til, að það sé getið á tímabilinu 3. til 25. janúar 1931, en meðal meðgöngutími fullburða barna er talinn 271 dagar með 11 daga misvísun til eða frá. Með sömu forsendu er þó hugsanlegt, að barnið geti hafa verið komið undir einhvern tíma á tímabilinu 27. nóvember 1930 til 1. apríl 1931. Er þá höfð hliðsjón af dreifingartöflum F. J. Linder's, Málmey, og miðað við, að barnið hafi verið innan markanna 2501 til 4600 g. að þyngd og 47.1 til 57 cm að lengd.

Hafi barnið hins vegar ekki verið fullburða við fæðingu, verður að ætla, að það hafi þá vegið 2000—2500 g. og verið 44—47 cm langt. Sé miðað við fyrirburðafæðingu barns á þessu þroskastigi og höfð hliðsjón af umræddum dreifingartöflum Linder's, gæti margrætt barn verið komið undir á tímabilinu 1. til 22. apríl 1931. Lægri þroskamörk en hér voru greind eru svo sjaldgæf um börn, sem komast á legg, að þau eru algjör undantekning, enda ávallt höfð í munnmælum og koma, að því er séð verður, ekki til greina hér“.

Athugun framtala M heitins fyrir árin 1930—1939 leiðir í ljós,

að þar er þess eigi getið, að hann hafi haft fyrir barninu B að sjá.

Samkvæmt framansögðu þykir ekki hafa fengizt lögfull sönnun fyrir samförum sóknaraðilja K og M á getnaðartíma barnsins. Hins vegar hafa verið leiddar sterkar líkur að því, að M heitinn hafi viðurkennt að vera faðir B, og meira að segja undirritað skriflega yfirlýsingu um það, þótt eigi hafi sú yfirlýsing verið fullnægjandi samkvæmt ákvæðum 4. gr. laga nr. 46/1921, sbr. síðar 3. og 18. gr. laga nr. 87/1947. Þegar virtur er framburður S, systur M heitins, og önnur sönnunargögn í málinu, þykja nægilega veigamiklar líkur renna stoðum undir málsstað og staðhæfingar sóknaraðilja, til þess að rétt sé að láta málsúrslit velta á fyllingareiði sóknaraðilja K, sbr. 213. gr. laga nr. 85/1936, þótt ýmis venjuleg sönnunargögn í barnsfaðernismálum séu ekki fyrir hendi, enda ber mál þetta að með mjög óvanalegum hætti.

Samkvæmt framangreindu verða málsúrslit þau, að vinni sóknaraðili K á lögmæltu varnarþingi sínu eið að því innan tveggja mánaða frá birtingu dóms þessa, að hún hafi á tímabilinu frá og með 27. nóvember 1930 til og með 22. apríl 1931 einungis haft holdlegar samfarir við M, skal telja hann föður að barni K, sóknaraðilja B, sem fædd er 12. október 1931.

Ef sóknaraðili K vinnur eiðinn, greiði varnaraðili málskostnað, kr. 17.585.00, er renni til ríkissjóðs, og er þar innifalin þóknun talsmanns sóknaraðilja, Sigurðar Helgasonar hæstaréttarlögmanns, sem er ákveðin kr. 15.000.00.

Ef sóknaraðilja K verður eiðfall, skal varnaraðili vera sýkn af kröfum sóknaraðilja og málskostnaður falla niður.

Dómsorð:

Vinni sóknaraðili K eið að því á lögmæltu varnarþingi sínu innan tveggja mánaða frá birtingu dóms þessa, að hún hafi á tímabilinu frá og með 27. nóvember 1930 til og með 22. apríl 1931 einungis haft holdlegar samfarir við M, er lézt 6. ágúst 1969, skal telja hann föður sóknaraðilja B, sem er fædd 12. október 1931.

Ef sóknaraðili K vinnur eiðinn, greiði varnaraðili, skiptaráðandinn í Reykjavík f. h. dánarbús M, kr. 17.585.00 í málskostnað, er renni í ríkissjóð.

Verði sóknaraðilja K eiðfall, skal varnaraðili vera sýkn af kröfum sóknaraðilja, en málskostnaður falli þá niður.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.